

Moskvudeild Hjalpræðishersins gegn Rússlandi

Dómur frá 5. október 2006

Mál nr. 72881/01

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Trúfélög. Skráning trúfélaga. Félagafrelsi.

1. Málsatvik

Kærandi, Moskvudeild Hjalpræðishersins, starfaði í Rússlandi á árunum 1913 til 1923 og fékk skráningu í Moskvu árið 1992. Árið 1997 tóku ný trúfrelsislög gildi í Rússlandi. Þar var sú skylda lögð á trúfélög, sem starfað höfðu fyrir árið 1997, að sækja um endurskráningu hjá stjórnvöldum. Væri það ekki gert innan þeirra tímamarka sem tilgreind voru í lögnum misstu trúfélög lagalega stöðu sína.

Í ágúst 1999 var kæranda synjað um endurskráningu. Rök dómsmálaráðuneytisins fyrir synjuninni voru þau að stofnfélagar væru ekki nægjanlega margir og að ekki væri sýnt fram á að félagar í deildinni væru löglega búsettir í Rússlandi. Jafnframt var litið til þess að þar sem einungis væri um deild erlends trúfélags að ræða og stofnendur þess trúfélags erlendir þótti kærandi ekki uppfylla skilyrði laganna til endurskráningar.

Kærandi bar þessa ákvörðun undir dómstóla. Við meðferð kærumsálsins komu fram nýjar röksemdir af hálfu dómsmálaráðuneytisins fyrir synjuninni, og ekki mætti heimila skráningu þar sem um hernaðarleg samtök væri að ræða. Sérstaklega var litið til þess að meðlimir klæddust búningum og stunduðu „herþjónustu“. Þá væri ekki lögmætt að nota orðið „her“ í heiti trúfélaga. Dómstóll í Moskvu féllst á þessi rök og tók einnig fram að ekki væri ljóst hver trú eða markmið trúfélagsins væru. Með þessum rökum, svo og vísan til þess að kærandi stefndi að því takmarka bótaábyrgð sína vegna aðgerða félagsmanna sinna væri verið að sniðganga rússnesk lög, staðfesti dómstóllinn ákvörðun ráðuneytisins. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu. Beiðni kæranda um áfrýjun til Hæstaréttar var hafnað.

Á meðan málið var rekið fyrir dómstólum rann út hinn lögmælti frestur trúfélaga til endurskráningar og í september 2001 var Moskvudeild Hjalpræðishersins tekin út af opinberum skráum yfir trúfélög.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með breytingu á lagalegri stöðu sinni hefði verið skertur réttur hans til að rækja trú sína. Kærandi byggði á 9., 11. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók helstu rök rússneska ríkisins til skoðunar, þ.e. hvort meina ætti kæranda um skráningu þar sem um erlend trúarsamtök væri að ræða og þar sem innra skipulag og trúariðkun kæranda uppfylltu ekki skilyrði rússneskra laga. Hvað varðaði erlendan uppruna kæranda sá dómstóllinn engin rök standa til þess að gera greinarmun á rússneskum og erlendum trúfélögum. Þvert á móti gerðu trúfrelsislögin ráð fyrir því að skráð trúfélög gætu lotið erlendri stjórn. Því var það álit dómstólsins að ekki væri heimilt að hafna skráningu á þessum forsendum.

Þá tók dómstóllinn til skoðunar það álit rússneskra dómstóla að ekki væri nægjanlega skýrt hvaða trú félagsmenn kæranda ræktu eða hver væru trúarleg markmið samtakanna. Dómstóllinn tók fram að þegar svo háttaði til væri það í verkahring dómstóla að útskýra gagnvart kæranda hvernig lagaskilyrði um skráningu yrðu uppfyllt. Slíkt hefði ekki verið gert og því ekki hægt að byggja synjun á þessum rökum.

Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort byggja mætti höfnunina á þeim rökum að kærandi væri í raun hernaðarsamtök. Þrátt fyrir að meðlimir klæddust einkennisfatnaði og bæru starfsheiti svipað og

í hernum væri ekkert sem benti til þess að samtökin aðhylltust ofbeldi eða ógnuðu öryggi ríkisins. Rússneska ríkið hefði ekki vísað í nein gögn eða staðreyndir er styddu höfnun á þessum grundvelli.

Þá tók dómstóllinn fram að á starfstíma kæranda frá árinu 1992 hefði ekkert komið fram sem benti til þess að samtökin sniðgengju eða brytu gegn landslögum. Þá hefði kærandi ekki orðið uppvís að því að vinna að öðru en yfirlýstum markmiðum sínum, þ.e. útbreiðslu kristinnar trúar og góðgerðastarfi. Því hefði ekki verið hægt að rökstyðja synjun með því að kærandi sniðgengi landslög.

Með því að synja kæranda um endurskráningu hefðu rússnesk stjórnvöld ekki gætt að reglum um trúfrelsi og félagafrelsi. Þá hefði jafnræðis og hlutleysis ekki verið gætt, svo sem þeim bar skylda til að gera. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að takmörkun á réttindum kæranda samkvæmt 11. gr. og 9. gr. sáttmálans hefði ekki verið réttlætanleg og því hefði verið brotið gegn þessum ákvæðum. Ekki væri þörf á að taka 14. gr. sérstaklega til skoðunar.

Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 10.000 evrur í miskabætur.